STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1995



# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 414/1993, um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.**

1. gr.

2. mgr. 1. gr. hljóði svo:
Til skuldbreytingalána eru 255.000.000 kr. til ráðstöfunar.

2. gr.

1. tölul. 3. gr. hljóði svo:
Tekjur umsækjanda hafi lækkað, og/eða greiðslugeta minnkað, vegna langvarandi atvinnuleysis, alvarlegs heilsubrests eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, eða að greiðslubyrði lána hafi þyngst vegna ófyrirséðra atvika.

Með tekjum er átt við heildartekjur heimilisins, þ.e. tekjur umsækjanda og maka eða sambýlismanns/konu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1995.*

**Rannveig Guðmundsdóttir.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

Gutenberg